

Þriðjudaginn 21. nóvember 1995.

Nr. 371/1995. **Haraldur Á. Bjarnason**
gegn
Andra hf.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hafnað kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Eiginkona sóknaraðila starfaði hjá varnaraðila við bókhald og fleira, þar til henni var sagt upp störfum í desember 1994. Hafði hún umboð til að annast greiðslur af tékkareikningi varnaraðila. Krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila styðst við það, að eiginkona sóknaraðila hafi án heimildar greitt af fyrrnefndum tékkareikningi skuld sóknaraðila við Kreditkort hf. vegna úttekta á tímabilinu 1990-1994, samtals 9.832.374 krónur. Einnig hafi hún ráðstafað 2.188.268 krónum af tékkareikningnum til greiðslna í þágu þeirra hjóna. Af þessum sökum telji varnaraðili sig eiga fjárkröfu á hendur sóknaraðila, sem nemi auðgun hans af þessum ólögum ráðstöfunum. Sóknaraðili heldur því hins vegar fram, að eiginkona hans hafi haft fulla heimild frá forstjóra varnaraðila til þessara ráðstafana.

Í málinu hefur varnaraðili ekki gert nánari grein fyrir heimildum eiginkonu sóknaraðila til framangreindra ráðstafana. Enn síður hefur varnaraðili rökstutt, hvernig það eitt, að greiðslukortareikningar sóknaraðila og aðrar hugsanlegar skuldbindingar hans voru greiddar á fyrrgreindan hátt, geti leitt til þess, að stofnast hafi fjárkrafa á hendur honum. Gegn andmælum hans hefur varnaraðili því með engu móti sýnt fram á, að hann eigi kröfu á hendur sóknaraðila. Var

því ekki fullnægt lagaskilyrðum til að taka bú sóknaraðila til gjaldþrotaskipta samkvæmt 65. gr. laga nr. 21/1991. Verður hinn kærði úrskurður því úr gildi felldur.

Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Varnaraðili, Andri hf., greiði sóknaraðila, Haraldi Á. Bjarnasyni, 70.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 4. þessa mánaðar og tekið til úrskurðar 16. sama mánaðar að loknum munnlegum málf lutningi.

Sóknaraðili er Andri hf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík.

Varnaraðili er Haraldur Á. Bjarnason, kt. 090550-7219, Laugarnesvegi 116, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili krefst þess, að synjað verði kröfu sóknaraðila um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

II.

Sóknaraðili er fyrirtæki hér í borg, og sá eiginkona varnaraðila, Ólöf Ketilsdóttir, um bókhald þess, hafði prókúru á tékkhefti þess og annaðist um greiðslur fyrir það út af tilteknum tékkareikningi. Við bókhaldsskoðun fyrr á þessu ári kom í ljós, að Ólöf hafði á árabílinu 1990 – 1994 fært af eigin viðskiptareikningi hjá fyrirtækinu samtals 9.832.374 kr. til Kreditkorta hf. vegna tveggja greiðslukorta varnaraðila. Þá höfðu á sama tímabili verið færðar út af umræddum viðskiptareikningi Ólafar greiðslur vegna byggingar sumarhúss, samtals að fjárhæð 2.188.268 kr.

Hinn 14. mars 1995 var tekið fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík kyrrsetningarmál sóknaraðila á hendur varnaraðila og þeirri gerð lokið næsta dag sem árangurslausri að hluta.

Með stefnu, þingfestri 11. apríl sl., höfðuð sóknaraðili almennt einkamál

á hendur varnaraðila og umræddri eiginkonu hans, þar sem auk fjárkröfu er krafist staðfestingar á ofangreindri kyrrsetningargerð.

III.

Kröfu sína um gjaldþrotaskipti reisir sóknaraðili á 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, en ekkert bendi til, að varnaraðili sé fær um að standa í skilum við sóknaraðila nú þegar eða innan skamms tíma.

Af hálfu varnaraðila er skírskotað til þess, að hann hafi mótmælt framan- greindri kyrrsetningarkröfu við fyrirtekt hennar 14. mars sl. og neitað að benda á eignir til kyrrsetningar, og hafi það verið lögmaður sóknaraðila, sem benti á fasteign varnaraðila við Laugarnesveg 116 til tryggingar ætlaðri kröfu sóknaraðila. Gerðinni hafi svo verið haldið áfram 14. mars (sic) 1995, eftir að búíð hafi verið að virða umrædda fasteign, án þess að varnaraðili væri þar staddur, og honum gefið færi á að benda á aðrar eignir til trygging- ar kröfunni. Liggi þannig ekki fyrir staðfesting á því, að varnaraðili eigi ekki aðrar eignir að benda á til tryggingar ætlaðri kröfu sóknaraðila eða að hann geti [ekki] bent á aðrar eignir til tryggingar henni.

Þá vísar varnaraðili einnig til þess að alls ekki liggi fyrir, að sóknaraðili sé lánardrottinn sinn, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, en varnaraðili hafi ávallt mótmælt því, að svo sé.

IV.

Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 getur lánardrottinn krafist þess, að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta að undangenginni ár- angurslausri kyrrsetningu að einhverju leyti eða öllu, sem fram hefur farið á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag, og ekki sé ástæða til að ætla, að gerðin hafi gefið ranga mynd af fjárhag hans.

Við fyrirtekt ofangreinds kyrrsetningarmáls hjá sýslumanni 14. mars 1995 mótmælti varnaraðili kröfu sóknaraðila og framgangi gerðarinnar. Í fram- haldi af því var varnaraðila leiðbeint um leiðir til að afstýra gerðinni með tryggingu, en hana kvaðst varnaraðili ekki geta sett. Jafnframt neitaði varnaraðili að benda á eignir til kyrrsetningar. Benti lögmaður sóknaraðila þá á íbúð á Laugarnesvegi 116 hér í borg, og ákvað fulltrúi sýslumanns, að sú eign yrði kyrrsett fyrir kröfu sóknaraðila gegn því, að sóknaraðili legði fram tryggingu, að fjárhæð 3.000.000 kr., í formi bankaábyrgðar. Taldi lög- maður sóknaraðila íbúðina ekki næga tryggingu. Varnaraðili varð ekki við áskorun um að benda á aðrar eignir, og var gerðinni frestað til næsta dags. Varnaraðila var kynnt ofangreind bókun, sem hann undirritaði, „án athuga- semda“, eins og segir í endurriti úr gerðabók sýslumanns. Við fyrirtöku

málsins næsta dag var varnaraðili hins vegar ekki. Hafði fulltrúi sýslumanns þá virt eignina og taldi nauðungarsöluverð hennar vera kr. 4.500.000 kr. að frádregnum veðskuldum. Var íbúðin kyrrsett að kröfu sóknaraðila og gerðinni lokið án árangurs að hluta samkvæmt kröfu hans.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, var staðið löglega að greindri kyrrsetningargerð og varnaraðila gefinn kostur á að benda á eignir til kyrrsetningar eða setja tryggingu til að afstýra gerðinni. Gerði hann hvorugt, og þá hefur hann ekki heldur sýnt fram á það í máli þessu, að kyrrsetningin, sem var árangurslaus að hluta, gefi ranga mynd af fjárhag hans.

Í staðfestingarmáli því, sem sóknaraðili hefur höfðað á hendur varnaraðila og nefndri eiginkonu hans, reisir sóknaraðili fjárkröfu sína á hendur varnaraðila á því, að varnaraðili hafi auðgast á kostnað sóknaraðila vegna ólögættra ráðstafana eiginkonu varnaraðila, en hún hafi á tímabilinu frá 1990 til 1994 m. a. ráðstafað samtals 9.832.374 krónum umfram heimildir út af eigin viðskiptareikningi hjá sóknaraðila og inn á greiðslukortareikning varnaraðila. Eiginkonan heldur því hins vegar fram, að hún hafi auk fastra launa átt að fá árlega frá sóknaraðila 4.560.000 kr., 380.000 á mánuði, eftir að greiddir hefðu verið af laununum allir skattar og skyldur.

Varnaraðili telur sig ekki skulda sóknaraðila neitt, og hafi laun eiginkonu hans verið „að hluta“ greidd inn á reikning hans og hann aldrei vitað betur en hún ætti fullan rétt til þeirra greiðslna.

Óumdeilt er í ofangreindu staðfestingarmáli, að eiginkona varnaraðila hefur á nefndu tímabili ráðstafað 9.832.374 krónum inn á greiðslukortareikning varnaraðila. Eigi er til að dreifa neinum skriflegum samningi milli hennar og sóknaraðila um þau starfskjör, sem hún heldur fram, að hún hafi átt að njóta hjá honum, og því ósannað gegn mótmælum sóknaraðila, að hún hafi haft nokkurn rétt til nefndra ráðstafana. Samkvæmt því verður að telja, að sóknaraðili hafi leitt nægilegar líkur að því, að varnaraðili hafi auðgast með framangreindum hætti á kostnað sóknaraðila.

Með vísan til alls þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að fullnægt sé skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta, og er krafa sóknaraðila þar að lútandi tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 40.000. kr.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

2776

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Bú varnaraðila, Haralds Á. Bjarnasonar, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 40.000 kr. í málskostnað.
